

## Óháð staðfesting til Reykjagarðs hf. vegna græns bókhalds

### Til stjórnar og hluthafa í Reykjagarðs hf.

Við höfum endurskoðað skýrslu Reykjagarðs hf. um grænt bókhald á Jarlstöðum fyrir árið 2022. Staðfesting okkar felst í skoðun á því hvort tölur sem gefnar eru upp í skýrslu Reykjagarðs hf. um grænt bókhald séu í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins.

### Ábyrgð stjórnenda

Græna bókhaldið er lagt fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

### Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar felst í að afla nægilegar vissu um og gefa óháð álit á því hvort upplýsingar séu réttar og í samræmi við starfsleyfi og lög og reglur um grænt bókhald. Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 um staðfestingar. Samkvæmt honum ber okkur að fara eftir settum siðareglum, þar með talið óhæðiskröfum og skipuleggja og haga vinnu okkar þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ákveðnar upplýsingar í skýrslunni séu í meginatriðum án annmarka.

Í því sambandi var eftirfarandi kannað með úrtökum:

- Hvort tölur sem gefnar eru upp séu í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins
- Hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við frumgögn
- Hvort skilyrðum í lögum og reglum um innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt


Við teljum að við skoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit:

Það er álit okkar að skýrsla Reykjagarðs hf. um grænt bókhald sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Kópavogur, 27. apríl 2023

**Deloitte ehf.**

  
Árni Þór Vilhelmsson,  
endurskoðandi